

Nd.

61. Frumvarp til laga

[37. mál]

um verð landbúnaðarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Heildsölu- og smásöluverð það á sauðfjárafurðum, mjólk og mjólkurvörum, nautgripakjöti og hrossakjöti, sem kom til framkvæmda 1. marz 1959, samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 28. febrúar 1959, skal gilda óbreytt á tímabilinu 1. september til 15. desember 1959.

Sumarverð á kartöflum skal niður falla eigi síðar en 25. september 1959. Á tímabilinu frá því að niðurfelling sumarverðs á sér stað og til 15. desember 1959 skal gilda óbreytt heildsölu- og smásöluverð það á kartöflum, er kom til framkvæmda 1. marz 1959, samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 28. febrúar 1959.

Sumarverð á gulrófum skal niður falla eigi síðar en 25. september 1959. Á tímabilinu frá því að niðurfelling sumarverðs á sér stað og til 15. desember 1959 skal gilda óbreytt heildsölu- og smásöluverð það á gulrófum, er kom til framkvæmda 22. september 1958, samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 21. september 1958.

Heildsölu- og smásöluverð það á eggjum, er kom til framkvæmda 1. apríl 1959 samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. marz 1959, skal gilda óbreytt á tímabilinu 1. september til 15. desember 1959.

Útsöluverð mjólkur í pappaumbúðum má vera 20 aurum hærra hver lítri heldur en útsöluverð mjólkur á flösku.

2. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála og varða brot sektum allt að kr. 500.000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjalsins, sem fer hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um verð landbúnaðarafurða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að vegna sérstaks ágreinings fulltrúa neytenda og framleiðenda hafi ekki tekizt að ákveða söluverð landbúnaðarafurða á innlendum markaði á þann hátt, sem lög nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., gera ráð fyrir. Landbúnaðarráðherra hefur enn fremur tjáð mér, að til þess að tryggja efnahagsjafnvægi og atvinnuöryggi í landinu þangað til Alþingi getur fjallað um þessi mál af afstöðnum kosningum þeim, sem fram eiga að fara 25. og 26. október n. k., og meðan kaupgjald í landinu helzt óbreytt, sé nauðsynlegt að verð landbúnaðarafurða hækki ekki. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Heildsölu- og smásöluverð það á sauðfjárafurðum, mjólk og mjólkurvörum, nautgripakjöti og hrossakjöti, sem kom til framkvæmda 1. marz 1959 samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 28. febrúar 1959, skal gilda óbreytt á tímabilinu 1. september til 15. desember 1959.

Sumarverð á kartöflum skal niður falla eigi síðar en 25. september 1959. Á tímabilinu frá því að niðurfelling sumarverðs á sér stað og til 15. desember 1959 skal gilda óbreytt heildsölu- og smásöluverð það á kartöflum, er kom til framkvæmda 1. marz 1959, samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 28. febrúar 1959.

Sumarverð á gulrófum skal niður falla eigi síðar en 25. september 1959. Á tímabilinu frá því að niðurfelling sumarverðs á sér stað og til 15. desember 1959 skal gilda óbreytt heildsölu- og smásöluverð það á gulrófum, er kom til framkvæmda 22. september 1958, samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 21. september 1958.

Heildsölu- og smásöluverð það á eggjum, er kom til framkvæmda 1. apríl 1959 samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. marz 1959, skal gilda óbreytt á tímabilinu 1. september til 15. desember 1959.

Útsöluverð mjólkur í pappaumbúðum má vera 20 aurum herra hver lítri heldur en útsöluverð mjólkur á flösku.

2. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum allt að kr. 500.000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Staddur í Vatnsdal, 18. september 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.